



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fundargerð
24. eigendafundar Sorpu bs.
Skrifstofa SSH, Hamraborg 9
mánudaginn 22. júní, kl. 11:30

Mætt:

f.h. eigenda Sorpu bs.:

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi.
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogi.
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ.
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ.
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavík.
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfirði.

frá stjórn SORPU bs.:

Birkir Jón Jónsson, Kópavogsbæ.
Líf Magneudóttur, Reykjavík.
Jóna Sæmundsdóttir, Garðabæ.
Ágúst Bjarni Garðarsson, Hafnarfirði.
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Mosfellsbær.

Ennfremur sátu fundinn Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri Sorpu bs., Haraldur Flosi Tryggvason ráðgjafi Sorpu bs., Birgir Björn Sigurjónsson fjármálateymi Sorpu bs., Páll Guðjónsson verkefnastjóri, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Formaður eigendavettvangs Sorpu bs. Rósa Guðbjartsdóttir stýrði fundi.

Dagskrá var lögð fram og gengið til dagskrár.

1. Umfjöllun um drög að viðauka við eigendasamkomulag frá 25. október 2013.

Framhald af umræðu 23. eigendafundar Sorpu bs. 2. júní 2020. Páll Guðjónsson verkefnastjóri kynnti tillögu að viðauka við eigendasamkomulag frá 25. október 2013 vegna meðhöndlunar úrgangs í Álfsnesi.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Viðaukanum ásamt fylgiskjöllum er vísað til sveitarstjórna til efnislegrar umræðu og afgreiðslu.

2. Umfjöllun um fjárhaglega endurskipulagningu Sorpu bs., samkvæmt tillögum stjórnar Sorpu bs. dags. 16. júní 2020.

Framhald umræðu af 23. eigendafundi Sorpu bs. 2. júní 2020.

Tillaga um aðgerðir til að takast á við vanda vegna ófjármagnaðra fjárfestinga Sorpu bs. lögð fram og kynnt.

Umræður.

Umræða um gjaldskrárbreytingar til að mæta kostnaði vegna hertra krafna um meðferð úrgangs lögð fram og kynnt.

Umræður.

23. eigendafundur Sorpu bs. 2. júní 2020 ákvað að haldinn yrði fundur með öllum borgar- og bæjarfulltrúum vegna málefna Sorpu í júnímánuði. Umræddur fundur verður fimmtudaginn 25. júní nk. og dagskrá hans er lögð fram til kynningar. Ofangreindar tillögur verða meðal efnis á þeim fundi.

Niðurstaða fundar:

Eigendafundurinn er samþykkur fyrirleggjandi tillögum og felur stjórn Sorpu bs. að ljúka vinnslu þeirra. Í framhaldi verði tillögurnar sendar til sveitarstjórna til efnislegrar umræðu og afgreiðslu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:40.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, fundarritari.